



Alþýðusamband Íslands

## Launahækkunir tryggðar en blikur á lofti í skattamálum

Þann 27. október tókst samninganefnd ASÍ að tryggja í viðræðum við Samtök atvinnulífsins og ríkisstjórnina að ekki kæmi til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þetta var mikilvæg niðurstaða því um er að ræða sérstaka 6.750. kr. hækkun kauptaxta verkafólks og afgreiðslufólks og 8.750.- kr. hækkun hjá iðnaðarmönnum og skrifstofufólki. Auk þess mun almenn launaprúnartrygging upp á 3,5% koma til framkvæmda. Heimilt er að draga frá þeirri hækkun launaskrið frá 1. janúar 2009 til 1. nóvember 2009. Áður höfðu kauptaxtar hækkað um sömu upphæðir þann 1. júlí s.l. og dagvinnutekjutryggingin hækkaði þann 1. mars s.l. Á næsta ári munu kauptaxtar hækka um 6.500.- kr. og almenn laun um 2,5%.

Þessar hækkunir, til viðbótar við miklar hækkunir kauptaxta í febrúar 2008, tryggja að ef horft er á allt samningstímabilið frá ársbyrjun 2008 og loka nóvember 2010, ætti kaupmáttur kauptaxtanna á Íslandi að aukast um 5% hjá verkafólki og afgreiðslufólki og haldast óbreyttur hjá öðrum. Þetta er markverður árangur verkalýðshreyfingarinnar þegar haft er í huga að þjóðfélagið er að fara í gegnum alvarlegustu og dýpstu efnahagskreppu um áratuga skeið. Ef horft er á kaupmátt almennra dagvinnulauna (markaðslauna) eru því miður líkur á að hann lækki um allt að 16% á sama tímabili sem er mikið áhyggjuefni.

Í erfiðum viðræðum við stjórnvöld um framgang stöðugleikasáttmálans náðist mikilvægur árangur þrátt fyrir verulegan ágreining um einstaka þætti. Athugasemd var gerð við umfang aðhaldsaðgerða ríkisfjármála og áformaðar skattahækkunir og náðist samkomulag um að endurmeta þær aðgerðir en dregið verði úr áformuðum skattahækkunum. Fyrirheit voru jafnframt gefin um að höfð verði hliðsjón af fyrri markmiðum um hækkun skattleysismarkna þegar nýtt skattkerfi verður útfært. Unnið er að breytingum á lögum um greiðsluáðlögun skulda heimilanna ásamt frekari aðgerðum með það að markmiði að treysta réttarstöðu einstaklinga í samskiptum við fjármálastofnanir. Viðræður munu eiga sér síðan stað um að aðilar vinnumarkaðarins axli verulega ábyrgð á framkvæmd atvinnuleysisbótakerfisins. Ekki verður gripið inn í þann sáttafarveg um endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar sem ákveðin var með skipun sérstakrar nefndar í sumar og allt kapp lagt á atvinnusköpun og það að greiða fyrir fjárfestingum í atvinnulífinu.

Þannig hefur tekist að draga verulega úr áformuðum skattahækkunum, en ríkisstjórnin lýsti því yfir í síðustu viku að áform um ríflega 20 milljarða skattahækkun á almenning verði dregin til baka. Eins og stendur er unnið að útfærslu skattahækkana gagnvart bæði almenningi og atvinnulífi en fátt verði ákveðið. Þrátt fyrir þessa ákvörðun um að dregið verði úr aðhaldi í ríkisfjármálum telur Alþýðusambandið að ennþá sé gengið of langt í nýjum skattaálögum á almenning eða sem nemur allt að 7-8 milljörðum. Það svigrúm leggur ASÍ mikla áherslu á að verði nýtt til að standa við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um hækkun skattleysismarkna.

ASÍ hefur gagnrýnt áform stjórnvalda um nýja orku-, umhverfis- og auðlindaskatta. Þessi áform hafa verið órædd og lítt útfærð sem leitt hefur til óvissu um nýjar fjárfestingar. Áhyggjur forystu ASÍ eru að ef ekki kemur til þessara fjárfestinga muni tvennt gerast. Atvinnuleysi verður meira en áætlanir gera ráð fyrir og afkoma ríkissjóðs verður verri en fjárlög gera ráð fyrir. Nú þegar 15.500 manns eru án atvinnu, að stærstum hluta félagsmenn ASÍ, ætti það ekki að koma neinum á óvart að ASÍ leggi höfuðáherslu á baráttuna við gegn atvinnuleysis bölinu. Því þrýstum við á um að fresta þessum nýju skattaáformum. Skoðum forsendur þeirra betur m.a. í ljósi alþjóðlegrar umræðu um loftslagsmál og

náum breiðari sátt um framkvæmdina. Ítrekað er að stefna ASÍ hefur um árabil verið sú að færa eigi skattbyrðina af launatekjum yfir á fjármagnstekjur og auðlindir. Framkvæmd þessarar stefnu má hins vegar ekki skaða atvinnuhorfur og lífskjör þjóðarinnar til lengri tíma litið.

Á næstunni munu fulltrúar ASÍ og annarra samtaka á vinnumarkaði setjast að viðræðum um breytt fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga með það að markmiði að aðilar vinnumarkaðarins axli meiri ábyrgð á framkvæmd kerfisins. Markmið okkar er að efla þetta kerfi, hækka þjónustustigið með virkari samskiptum við þá sem missa vinnuna og flétta þjónustuna betur við verkefni stéttarfélaganna á sviði veikindaréttar, starfsendurhæfingar, starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu. Nauðsynlegt er að áréttu að þessi ósk byggir ekki á gagnrýni á það mikla og verðmæta starf sem starfsfólk Vinnuálastofnunar um land allt hefur sinnt. Við erum vel meðvituð um mikilvægt framlag þess við gríðarlega erfiðar aðstæður og takmarkaða fjármuni. Vilji okkar stendur til að efla þetta starf og augljóslega mun þekking og reynsla þessara einstaklinga vera áfram verðmæt og eftirsótt, þó í breyttu skipulagi sé.

Gylfi Arnbjörnsson,

forseti ASÍ